Egilsstöðum
26. september 2012.

Félag smábátaeigenda á Austurlandi

Aðalfundur Félag smábátaeigenda á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 26.9.2012 beinir eftirfarandi tillögum til 28. aðalfundar LS 18. og 19. okt 2012.

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi vill að **ýsukvóti verði aukinn um 14 þúsund tonn nú þegar.**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi telur að auka eigi **þorskkvótann í 230 þúsund tonn** á yfirstandandi fiskveiðiári.

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi **mótmælir því að tekin verði upp aflaregla í ýsu og ufsa.**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi vill **að línuívilnun verði ekki skert og nái til allra dagróðrabáta** (innan LS) sem róa með línu enda komi veiðiheimildir til ívilnunar utan aflamarks.

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að **svæðaskipting strandveiða verði óbreytt**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi vill að **allar aflaheimildir til strandveiða verði teknar utan aflamarks.**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi samþykkir að eignarhaldsákvæði um strandveiðar, í bátum / félagi, verði breytt þannig að **eignarhlutur þess sem rær strandveiðibát verði að minnsta kosti 30%.**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi krefst þess að ætlaðar verði **að lágmarki 10 þúsund tonn til færaveiða á makríl**

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að bátar sem hafa hafið **strandveiðar fái að segja sig frá strandveiðum um mánaðarmót** þ.e. hver strandveiðibátur megi hefja strandveiðar einu sinn og geti hætt aftur um mánaðarmót, þetta er m.a. hugsað til að strandveiðibátar geti stundað makrílveiðar seinnihluta sumars.

Egilsstöðum
26. september 2012.

Félag smábátaeigenda á Austurlandi

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi krefst þess **að Hafrannsóknastofnunin rannsaki hvaða áhrif flottrollsveiðar hafi á stærð grásleppustofnsins**.

Svar við erindi stærðarmarkanefndar LS hvað varðar stækkun krókaaflamarksbáta

„Fundurinn samþykkir samhljóða **að ekki verði kvikað frá núverandi reglum um stærðarmörk krókaaflamarksbáta".**